

Aqipi – til sommerfest

Höfundur texta og mynda: Naja Rosing-Asvid
(Grænlandi) Milik Publishing, 2014
Var tilnefnd til Barna- og
unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2015

Sögupráður: Það er komið sumar, fólkið hefur fært sig um set í sumarbyggðina þegar töfralæknirinn og stóra bjarnarskyttan úr nágrannabyggðinni heyja spennandi einvígi með stríðnivísum. Þá er kallað á litla hjálparandann Aqipi til mannheima til að koma töfralæk­ninum til hjálpar.

Efnisorð: Grænlensk menning, andatrú, hefðir, leikur, sumar

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Hvað eru börnin að gera? Reynið að finna Aqipi á síðum bókarinnar. Sláðu á trommu og dansaðu með barninu.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna: Um hvað heldurðu að bók­in sé?
2. Skoðaðu myndirnar fremst í bókinni. Hvers konar vera er Aqipi?
3. Aqipi og Qisu leika sér saman í heimi andanna. Teiknaðu og litaðu vinina í ýmsum myndum.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvernig getur Qisu hjálpað?
2. Búðu til töfrapulu sem þú gætir notað til að kalla á hjálparanda.
3. Veljið opnu og segið í fáum orðum frá því sem þar er að gerast.
4. Í hvernig leiki fara mannabörnin?
5. Í lok bókarinnar er sýnt hvernig snældur og heybrúður eru búnar til. Prófið að búa til snældu eða heybrúðu.



ISBN 978-952-7490-00-6

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Undirtitill bókarinnar er „á sumarahátíð“. Hvað er sumarahátíð inúíta? Hvað gerir fólk á þessum sumarahátíðum? Athugaðu það!
3. Skoðaðu myndirnar og lestu textann. Til hvers voru selir notaðir?
4. Ímyndaðu þér að þú eigir hjálparanda. Teiknaðu mynd af honum eins og hann myndi líta út í heimi andanna og í mannheimum. Lýstu því hvernig hann er og við hvaða aðstæður hann kæmi þér til hjálpar? Hvernig fer hann á milli heima, hvernig er þulan sem hann hlýðir?
5. Gerðu lista yfir allt sem þú lærðir af því að lesa bókina og sem var nýtt fyrir þér.
6. Í hvaða menningarheimum eru töfralæknar algengir?
7. Hvað er grímudans inúíta? Finndu grímudans á YouTube. Hvað dettur þér í hug?

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Aima møder Fjeldets Moder (Aima qaqqap Arnaalu). Höfundur: Bolatta Silis-Høegh.

MÁLAMOLI

"Sumar"

sænska	danska	norska	íslenska	færeyska	grænlenka	finnska	norðursamíska
Sommar	Sommer	Sommer	Sumar	Summar	Aasaq	Kesä	Geassi



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)